



## NEFNDARÁLIT UM ÞINGMANNATILLÖGU

A 1713

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um

### **Þingmannatillögu um Norðurlönd – leiðandi á heimsvísu á sviði 5G farsímanets, með áherslu á velferðartækni**

#### **Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

þingmannatillögunni verði steipt saman við almennu tillöguna um stafræna tækniþróun A 1725/tillvæxt um *skilvirka gagnaflytninga fyrir alla íbúa Norðurlanda;*

Norðurlandaráð vinni ekki frekar með þingmannatillöguna *Norðurlönd – leiðandi á heimsvísu á sviði 5G farsímanets, með áherslu á velferðartækni (A 1713/Välfärd)* sem sérstakt mál.

#### **Aðdragandi**

##### *Tillaga flokkahóps jafnaðarmanna*

Flokkahópur jafnaðarmanna sér að tækninni fleygir stöðugt fram og að hún hefur áhrif á þróun samfélagsins. Fyrir hundrað árum síðan voru Norðurlöndin fátækt bændasamfélag þar sem fáir höfðu eigin síma. Samskipti við ættingja og vini sem bjuggu víðs fjarri fóru fram með bréfaskiptum. Í dag eru margir sí tengdir á netinu og farsíminn er alla jafna við hlið okkar. Það er auðvelt að eiga samskipti við fólk sem býr nálægt okkur eða hinum megin á hnettinum. Tæknin hefur breytt lífsháttum okkar.

Nýtt skref tækniþróunar er 5G farsímanet. Það felur í sér að 5G farsímanet verður fimmta kynslóð þráðlausra nettenginga. Með þessu nýja skrefi verður tæknin enn hraðari, skilvirkari og áreiðanlegri. Þetta nýja tækniskref opnar möguleika á nýjum störfum, sjálfbærum hagvexti, en líka nútímalegri borgum, atvinnulífi, samgöngum, sjálfkeyrandi bílum, rafrænni heilbrigðisþjónustu, skilvirkara raforkuneti og betri menntun og afþreyingu handa öllum, samkvæmt tímaritinu *Ny teknik* (7. október 2016).

Það á að vera hægt að nota 5G farsímanet til að þróa velferðartækni í heilbrigðiskerfinu. Það er nýtt að bæði velferðartækni og rafræn heilbrigðisþjónusta geti á allt annan hátt en áður fylgst með sjúklingnum/notandanum óháð tíma og stað. Þráðlaus samskipti með mikilli bandbreidd og áreiðanleika má nota til að skapa öryggi hjá sjúklingnum og veita eftirlit óháð staðsetningu einstaklingsins. Tæknin virkar bæði heima, úti í sveit og í grannríkinu. Í dag er velferðartæknin oftast nær bundin við einn ákveðinn stað, oftast heimilið.

Velferðartækni sem byggir á 5G farsímaneti hefur mörg notkunarvið, allt frá eigin umönnun með aðstoð smáforrita og skynjara á heimilinu með fjartengingum og sambandi við heilsugæsluna frá heimilinu eða utan úr heimi. Ný tækifæri skapast einnig fyrir klínískan stuðning úr fjarska, þar sem sérfræðingar geta á einfaldan hátt tengt sig við t.d. rafræna sjúkraskrá, haldið fjarfundi í hópum til að skipuleggja umönnun eða veitt stuðning þegar aðgerðir fara fram. Sjúkraþjálfar geta unnið úr fjarska með sjúklingum í „sýndarveruleika“-sambengi þar sem sjúklingurinn er með tengda skynjara til að mæla og fylgja eftir framförum í þjálfuninni. Hreyfanlegt heilbrigðisstarfsfólk getur á auðveldan hátt nálgast allt sem það þarfnast við vinnuna, eins og til dæmis vinnukerfi, sjúkraskrár og leiðsögukerfi.

Ef Norðurlöndin ná að verða leiðandi á heimsvísu á sviði 5G farsímanets getum við í sameiningu þróað staðla innan til dæmis velferðartækni. 5G farsímanet er tækni sem hægt er að nota í dreifbýlinu og getur lækkað umönnunarkostnað. Í sænska dagblaðinu Dagens Nyheter (15. desember 2016) er grein um tilraunaverkefni í Norrtälje sveitarfélaginu í Svíþjóð sem er í dreifbýli og með stóran skerjagarð. Á einni eyjanna býr aldrað þar sem hefur látið setja upp þráðlaust öryggiskerfi. Það er hreyfiskynjari sem skynjar alla hreyfingu og við öll frávik fer viðvörunarkerfið í gang. Viðvörunin fer annað hvort til ættingja, nágretta eða heimaþjónustunnar. Tæknin krefst 5G farsímanets, en í þessu tilraunaverkefni er líkt eftir tækninni. Ef komið er fyrir skynjara við til dæmis bryggjuna, þá er settur upp hitaskynjari sem nemur hvort einhver liggir á bryggjunni í einn klukkutíma. Þessi nýja tækni er skilvirk og þar sem 5G farsímanet er til staðar munu hjálpartækin ekki verða sérlega dýr. Læknarnir geta ávísað skynjurum, nákvæmlega eins og þeir ávísa venjulegum lyfjum. Það er meira að segja hægt að setja upp skynjara sem mæla blóðþrýsting eða hjartaóreglu hjá einstaklingnum.

Norðurlöndin hafa stórt dreifbýli með bæði sveitum inn til landsins og skerjagarði. Á þeim stöðum er þörfin fyrir tæknina mest þar sem vegalengdir eru langar.

#### *Norrænt samstarf um velferðartækni*

Skýrsla Könbergs um framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum<sup>1</sup> leggur til aukið samstarf um velferðartækni með sameiginlegum norrænum skilgreiningum og viðmiðum um velferðartækni í því skyni að samræma staðla fyrir velferðartæknivörur. Könberg leggur áherslu á að notendurnir komi að þróunarvinnunni.

Á meðan norrænu heilbrigðismálaráðherrarnir hafa ekki tekið afstöðu til tillögunnar er velferðartækni hluti af norrænu samstarfi í heilbrigðismálum.

Norræna velferðarmiðstöðin tók þátt í norræna verkefninu *Connect* sem fólst í að útbúa verkfærakassa fyrir sveitarfélög á Norðurlöndum sem vilja hrinda velferðartækni í framkvæmd í starfi sínu, en því lauk líka á árinu. Sjálf skýrslan – „Velferðartækni - verkfæri“ – er komin út og niðurstöðunum var dreift á tíu stöðum á Norðurlöndum vorið 2017.

Áhuginn á vinnu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar með velferðartækni er mjög mikill, bæði innan Norðurlanda og um víða veröld. Margar fyrirspurnir berast víða að úr

---

<sup>1</sup> Framtíðarsamstarf Norðurlanda í heilbrigðismálum: <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:723306/FULLTEXT01.pdf>

heiminum og áhuginn á norrænum lausnum er mikill.<sup>2</sup>

Norræna velferðarmiðstöðin lýsir annars vinnu sinni með velferðartækni á þennan hátt: „Velferðartækni, nánar tiltekið hjálpartæki og aðgengi, er notendatengd tækni, sem styður við og eflir öryggiskennd, öryggi í daglegu lífi, þátttöku á vinnumarkaði og hreyfingu í daglegu lífi bæði á og utan heimilis.

Velferðartækni er sérsniðin að öldruðum, einstaklingum með langvinna sjúkdóma og einstaklingum með fötlun. Velferðartækni er auk þess mikilvægt tæki fyrir aðstandendur og þá starfsmannahópa sem veita velferðarþjónustu til borgaranna.

Norræn sérþekking á sviði notkunar tækni í velferðarmálum er mikilvægt þróunarsvið, bæði með tilliti til notkunar í löndunum og til þróunar nýrra útflutningstækifæra.

Lýðfræðileg þróun og hnattvæðing skapa brýna nauðsyn á að Norðurlöndin noti nýjar og skilvirkar starfsaðferðir og nýja tækni í velferðarmálum til þess að tryggja að sífellt færri starfsfólk geti áfram veitt sístækkandi hópi notenda góða þjónustu. Óæskilegum siðferðislegum vandamálum þarf að taka á með því að þróa tæknina á forsendum notenda frá byrjun.“

#### *Norrænt-baltneskt samstarf um stafræna tækniþróun*

Á norræn-baltnesku ráðstefnunni um rafræna stjórnsýslu sem haldin var í Ósló 24. -25. apríl 2017 samþykktu norrænir ráðherrar stafrænna lausna sameiginlega ráðherraýfirlýsingu um aukið norrænt/baltneskt samstarf um stafræna tækniþróun<sup>3</sup>.

Löndin vilja meðal annars

- auðvelda notkun kennitölu og rafrænna skilríkja svo að það verði auðveldara að nota þjónustu yfir landamæri ríkjanna;
- auðvelda frjálst flæði og miðlun færni í upplýsingatæknimálum;
- stuðla að uppbyggingu fimmtu kynslóðar farsímakerfa bæði í borgum og í dreifbýlinu til að greiða götu nýrrar nýskapandi þjónustu;
- markaðssetja svæðið sem nýskapandi og hentugt fyrir prófun nýrra stafrænna lausna;
- stuðla að verkefnum sem geta fært svæðinu alþjóðlegt forystuhlutverk, bæði með tilliti til þróunar og innleiðingar nýrrar tækni;
- efla rödd svæðisins á vettvangi ESB og EES-samstarfsins.

#### **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna velferðarnefndin lýsir yfir stuðningi sínum við tillöguna. Fimmtu kynslóðar tækniþróunin er byltingarkennd og hún mun verða mikilvæg á sviði rafrænnar heilbrigðisþjónustu. Nýja tæknin er mikilvæg til að brúa bilið og gera heilbrigðisþjónustu mögulega óháð staðsetningu.

<sup>2</sup> Ársskýrsla Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar 2016:

<http://www.nordicwelfare.org/PageFiles/20/%c3%85rsrapport%202016%20NVC.pdf>

<sup>3</sup> Yfirlýsingin í heild sinni: <https://www.norden.org/is/norraena-radherranefndin/radherranefndir/norraena-radherranefndin-um-stafræna-vaedingu-mr-digital/yfirlýsingar/nordurloendin-og-eystrasaltsrikin-forystusvaedi-a-svidi-stafrænnar-tækni>

Hins vegar er mikilvægt að mannlegi þátturinn í umönnun og hjúkrun gleymist ekki. Það er mikilvægt að tryggja öryggi sjúklinga samfara aukinni notkun þráðlausrar tækni. Stigvaxandi gagnamagn um okkur verður að verslunarvöru og ef ekki verður tekið á þeim málum á öruggan hátt getur það haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir hinn almenna borgara.

Mikilvægt er að Norðurlöndin eigi samstarf um tækniþróunina til þessa að skapa sameiginlega staðla um velferðartækni. Á þann hátt getum við tryggt betri þróun tækninnar og með stærri markaði verður áhugaverðara fyrir atvinnulífið að nota nýskapandi tæknilausnir. Nefndin fagnar því norræn-baltnesku ráðherraýfirlýsingunni *Digital North* þar sem markið er sett hátt um norrænt-baltneskt samstarf um stafræna tækniþróun.

Velferðartækni mun verða mikilvægur hluti umönnunarsviðsins á komandi árum. Mikilvægt er að aukin notkun stafrænnar tækni sé notendavæn og með áherslu á borgarana. Ekki má vænta þess að allir íbúar landanna ráði við öll ólík stafræn kerfi, þannig að stafræn þróun samfélagsþjónustu má ekki eiga sér stað með þvingunum heldur sem möguleiki á aukinni þjónustu. Góða þjónustu verður að vera hægt að veita á ólíkan hátt.

Norræna velferðarnefndin býður þess spennt að fylgja eftir samþættu tillögunni A 1725/tillväxt um *skilvirka gagnaflutninga fyrir alla íbúa Norðurlanda* og dregur til baka tillöguna A 1713/vælfärd um *Norðurlönd leiðandi á heimsvísu á sviði 5G farsímanets, með áherslu á velferðartækni* sem sérstakt mál.

Reykjavík, 20. september 2017

*Bente Stein Mathisen (H)*

*Christian Juhl (EL)*

*Erlend Wiborg (FrP)*

*Eva Biaudet (sv)*

*Jenis av Rana (Mfl)*

*Jóna Sólveig Elínardóttir (Vi)*

*Karen J. Klint*

*Kåre Simensen*

*Mika Raatikainen (saf)*

*Ove Bernt Trellevik (H)*

*Ulf Leirstein (FrP)*